

1866.

27. febrúar.

borgunin fyrir að fæða ómagan eptir dagafjölda, að svo miklu leyti sem það ekki er hreppnum sjálfum að kenna, að ómaginn hefir verið þar lengur en vera þurfti, því að stiptamtmaður álitur, að ef að kostnaðurinn við ómagaflutning væri goldinn á þenna hátt, mundi honum verða hagað með sem mestum sparnaði og hentasti tími árs notaður, þar sem alla, sem eiga að ákveða, hvenær flutningurinn eigi að byrja og halda áfram, varðar það jafnmiklu og framfærsluhreppinn.

En áður en lengra er farið úti þetta mál, eruð þér, herra amtmaður, beðnir að segja álit yðar um báðar uppástungur þessar, og er yður sent eptirrit af bænarskránni, sem rædt hefir verið um hér að framan.

27. febrúar.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum (Kreditbeviser).

Eins og sjá má af bréfi fjárstjórnarinnar, er í eptirriti fylgir með bréfi þessu, hefir fjárstjórnin stungið uppá, að vextir af ríkisskulda-skýrteinum þeim með rentuseðlum, er hún hefir gefið út samkvæmt auglýsing sinni 30. septembermán. 1864, verði borgaðir úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, án þess þeim sé sérstaklega ávísað í hvert skipti, og hefir fjárstjórnin beiðzt aðstoðar dómsmálastjórnarinnar til þessa.

Með því nú dómsmálastjórninni ekki virðist vera neitt til fyrirstöðu ráðstöfnunum þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið uppá, skal hérmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að birta landfógetanum efni bréfs þess, sem að ofan er getið um, og skipa fyrir um útborgunina svo sem með þarf, og að öðru leyti gæta þess, að farið sé eptir sömu reglum um þessa rentuseðla, og settar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 12. desembermán. 1861 um innlausn rentuseðlanna við hin nýju ríkisskuldabréf, er ávallt hljóða uppá þann, sem hefir þau í höndum.

Fylgiskjal.

1866.

27. febrúar.

Bréf fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 20. febrúarmánaðar 1866, um borgun vaxta af ríkisskulda-skýrteinum með rentusedlum.

Vextirnir af ríkisskulda-skýrteinum þeim, er gefin hafa verið út samkvæmt meðfylgjandi auglýsing fjárstjórnarinnar 30. septembermán. 1864, eru komnir í gjalddaga 15. aprílmán. 1865, 15. októbermán. 1865, 15. aprílmán. 1866 og 15. októbermán. 1866, og eru þeir í hvert skipti $2\frac{1}{2}$ af hundraði af upphæð ríkisskulda-skýrteinanna.

Í umburðarbréfi 5. aprílmán. 1865 hefir fjárstjórnin skipað fyrir um eitt skipti fyrir öll, að leysa skuli inn á öllum skrifstofum amts-gjaldkyranna og í aðalfjárhirzlu ríkisins rentusedlana, er heyra til ríkisskulda-skýrteinum þessum, frá því að þeir eru komnir í gjalddaga, og borga fyrir hvern rentusedil, er heyrir til:

- 1) ríkisskulda-skýrteini uppá 100 rd. 2 rd. 48 sk.
- 2) — — — — — uppá 50 — 1 — 24 —
- 3) — — — — — uppá 20 — „ — 48 —

og fara að öðru leyti eins að með þá, og fyrir er skipað um rentusedla við hin nýju ríkisskuldabréf, sem alltaf hljóða uppá þann, sem þau hefir í höndum.

Nú hefir fjárstjórninni borizt bænarskrá um, að rentusedlar við ríkisskulda-skýrteinin líka fáist borgaðir hjá landfógetanum á Færeyjum, og ef að gjörðar verða ráðstafanir til þess, virðist vera allt eins mikil ástæða til að gjöra sömu ráðstöfun um jarðabókarsjóðinn á Íslandi, ef svo kynni að ske, að einhver kæmi með slíkan rentusedil til að fá hann borgaðan þar. Fjárstjórnin fær ekki sæð, að neitt geti verið þessu til fyrirstöðu, ef að farið er að á sama hátt um þetta, og fyrir skipað er um innlausn rentusedla við hin nýju ríkisskuldabréf, er alltaf hljóða uppá þann, sem hefir þau í höndum, í bréfi fjárstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar 25. októbermán. 1861, og bréfum dómsmálastjórnarinnar 12. desembermán. s. á.

Ef að því ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu dómsmála-

1866.
27. febrúar.

stjórnarinnar, leyfum vèr oss að skora á hana að skrifa amtmanninum á Færeyjum og stiptamtmaninum á Íslandi um, að bjóða landfógetunum eitt skipti fyrir öll að borga rentuseðla við ríkisskulda-skýrteini, þegar þeir eru komnir í gjalddaga, og að sjá að öðru leyti um, að sömu reglum sè fylgt um þessa rentuseðla, sem settar eru um rentuseðla við ríkisskuldabréfin¹.

¹) Ríkisskulda-skýrteinin hafa verið gefin út í þrem flokkum, og eru prentuð á sama pappir og 10dalaseðlar þjóðbankans: Ltra. A uppá 100 rd. á rauðu, Ltra. B uppá 50 rd. á gulu og Ltra. C uppá 20 rd. á bláu. Vextirnir af þeim, 5 rd. af 100 um árið, eru reiknaðir frá 15. októbermán. 1861, og er aptaná þeim prentuð tabla, er sýnir upphæð vaxtanna fyrir hverja dagatölu allt að mánuði; þannig eru t. a. m. vextirnir af 100 dala ríkisskulda-skýrteini í 9 daga 12 skild. af 50 dala 6 skild. og af 20 dala 2 skild. Texti skýrteinanna er þannig:

„Ltr. Nr.

Creditbeviis paa Rdlr.

I Henhold til Lov af 26. August 1864 er dette Creditbeviis udstedt for

Rigsdaler Rigsmønt

som forrentes halvaarlig med Rigsdaler mod Aflævering af vedtrykte Renteanviisninger, og udbetales senest den 31. December 1866.

Kjöbenhavn, den 15. October 1864.

Finantsministeren.

Statsgjældsdirecteuren.

Contr.

Not.”

Þessi ríkisskulda-skýrteini giltu að eins í tvö ár, og áttu öll að vera innlest fyrir 31. des. 1866, en samkvæmt lögum 27. marzmán. 1866 hefir stjórnin aptur gefið út ný ríkisskulda-skýrteini, sem vextir eru reiknaðir af frá 15. októbermán. s. á. og gilda í tvö ár. Þá er eldri ríkisskulda-skýrteinin voru leyst inn, var helmingurinn af upphæð þeirra borgaður út í peningum, en helmingurinn í hinum nýju skýrteinum, og eru þau að öllu leyti eins og þau eldri og eru alveg ógild við lok ársins 1868.